



## Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

96. fundur skóla og frístundaráðs, 6. apríl 2016, [sjá fundargerð](#)

8. liður

**Varðandi Mentor, upplýsingakerfi gunnskóla. Vegna svars við tillögu á 93. fundi, 10. febrúar 2016 ([sjá fundargerð](#), 10. liður).**

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum telur mikilvægt að Reykjavíkurborg stuðli að umbótum á upplýsinga- og námskerfi grunnskólanna og telur að þessar ofangreindar tillögur hefðu verið framfaraskref og til þess fallnar að tryggja betri skráningu móðurmála og fulltrúa skólasamfélagsins. Áheyrnarfulltrúi fagnar engu síður málsmeðferðartillögu ráðsins sem góðri áminningu til skólastjóra grunnskólanna.